



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Embætti ríkislögreglustjóra
b.t. Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, ríkislögreglustjóra

Reykjavík 25. apríl 2022

Efni: Afskipti lögreglu af 16 ára barni

Í fjölmiðlum hefur mikið verið fjallað um mál sextán ára pilts, sem þurfti að þola afskipti lögreglu að ósekju í tvígang, vegna leitar lögreglu að strokufanga. Í málinu liggur fyrir að afskipti lögreglu áttu sér stað á grundvelli ábendinga frá almenningi, sem virðast fyrst og fremst hafa byggt á húðlit piltsins. Leiða má að því líkum að umrædd atvik hafi verið til þess fallin að valda umræddu barni verulegum óþægindum og ótta, en auk þess telur umboðsmaður barna að atvik af þessum toga séu einnig til þess fallin að grafa úr trausti barna og almennings almennt til lögregluþyrvalda, ekki síst meðal minnihlutahópa, en við því þarf að bregðast.

Að mati umboðsmanns barna er brýnt að öll börn og ungmenni í íslensku samfélagi, og ekki síst börn og ungmenni sem tilheyra minnihlutahópum, njóti þeirrar verndar sem lög og reglur tryggja þeim, eins og samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Í meginreglu barnasáttmálans sem birtist í 2. gr., segir að aðildarríki sáttmálans skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum, án mismununar af nokkru tagi og án tillits til einstaklingsbundinna þátta eins og t.d. kynþáttar, litarháttar eða uppruna. Þá er einnig mikilvægt að öll börn, ekki síst þau sem tilheyra minnihlutahópum, geti gengið að því vísu, að í samskiptum við lögregluþyrvalda njóti þau sanngirni, og geti verið þess fullviss að gætt sé að meðalhófi og einstaklingsbundnum réttindum.

Með hliðsjón af framangreindu, óskar umboðsmaður barna eftir fundi með ríkislögreglustjóra, til þess að ræða framangreind atvik og viðbrögð lögregluþyrvalda við þeim, sem og þær breytingar sem embættið hyggst ráðast í, til þess að fyrirbyggja að sambærileg atvik eigi sér stað aftur.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna